

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

903. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 27. apríl 2016 kl. 13:50 í síma.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir.

Afgreiðslur:

1. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638. mál

Byggðarráð Húnaþings vestra lýsir yfir furðu yfir tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015 – 2018 sem lögð hefur verið fyrir Alþingi. Samkvæmt áætluninni er ekki gert ráð fyrir fjármagni til lagfæringar á vegum í Húnaþingi vestra. Ástand héraðs- og tengivega í sveitarfélaginu er með öllu óviðunandi. Svo slæmt að hætta skapast víða af. Dæmi um það er Vatnsnesvegur (711) en ástand vegarins er orðið hættulegt og farið að varða öryggi vegfarenda eins og bent hefur verið á á fundum með þingmönnum og fjárlaganefnd. Tafarlaust þarf að lagfæra útskot og setja upp útskotsmerki á Vatnsnesveg. Um er að ræða um 140 útskot á um 90 km. kafla. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er um 7 milljónir króna. Umferðarálag er orðið verulega mikið á Vatnsnesvegi, sérstaklega yfir sumartímenn þó að umferð hafi einnig aukist jafnt og þétt yfir vetrartímenn. Vegurinn um Vatnsnes er um 4 metra breiddur malarvegur. Breidd bifreiða er frá 2,0 - 2,5 metrar. Það gerir bifreiðum erfitt fyrir að mætast og gerir framúrakstur hættulegan nema ekið sé úti vegbrún. Þá eru vegbrúnir víða svikular. Það gerir það að verkum að bifreiðar verða að mætast á útskotum. Nokkuð mörg útskot eru á Vatnsnesvegi en þau eru ómerkt og erfitt er fyrir ókunnuga að átta sig á þeim. Sum staðar eru útskotin orðin léleg og þarfnast lagfæringar. Samkvæmt tölum frá Vegagerðinni frá 2014 fara um 35 þúsund bifreiðar eða um 105 þúsund manns um Vatnsnesið yfir sumarið, tímabilið maí - september. Ef miðað er við tölur um fjölgun heimsókna ferðamanna í Upplýsingamiðstöðina á Hvammstanga á milli áranna 2014 og 2015 má áætla að þessi tala verði um 67 þúsund bifreiðar alls á tímabilinu maí - sept. 2016 eða um 150 þúsund manns.

Byggðarráð krefst þess að ríkisstjórnin setji aukið fé til vegamála til að mæta stórauðinni umferð og bæta fyrir skort á viðhaldi á síðustu árum. Þá ætti viðhald Vatnsnesvegur að

vera í forgangi, tafarlaust þarf að bæta við og merkja útskot á veginum og sem fyrst að byggja veginn upp, breikka og leggja á bundið slitlag

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:00

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir